Hafnarfirði 14.10.2019

Góðan dag kæri Hafnarfjarðarbær,

Við verslunareigendur og rekstraraðilar í miðbænum óskum eftir því að sett verði lýsing í öll trén við Strandgötuna, frá Álfagulli og ísbúðinni að Bókasafninu. Einnig við verslanir á Norðurbakkanum og þær þannig tengdar við svæðið. Gatan og þær verslanir sem eru á svæðinu og þreyja þorrann allt árið um kring, yrðu þannig stærri hluti af Jólaþorpinu. Mikið er um dimm svæði og við það myndast ekki sú heild, sem gæti gert miðbæinn allan að einu stóru Jólaþorpi.

Þess má geta að talsvert er um að fólk komi hingað í miðbæinn til að koma í Jólaþorpið á tímum, sem ekki er opið í þorpinu. Þessir gestir fengju þá skemmtilegri upplifun af heimsókn sinni í miðbæinn ef svæðið væri ein heild, göngugatan væri hluti af Jólaþorpinu í raun.

Við gerum okkur grein fyrir því að þetta kostar, en þetta er fjárfesting til framtíðar í verslun og þjónustu við götuna alla. Einnig væri gaman að fá ljósin upp fyrr og hafa lengur. Vinsamlegast sendið okkur svar við erindinu til Kjartans á netfanginu kjartan@snati.is

Virðingarfyllst

Guðrún Sæmunds. Dalakofinn
Sjöfn Sæmundsd Dalakofinn
Benný Magnúsd. Fegurð
Katrín Þórey Ingadóttir Sigga & Timo
Unnur Bacelke Guðmundsdóttir Burkni
HARPA ÞÓRSDÓTTIR 220 HÁRSTOFA
Bergþ... KAILASH.
Steinunn Þorsteinsd Kaki

Sigríður Margrét Jónsdóttir Litla Hönnunar Búðin

Hafnarfirði 14.10.2019

Góðan dag kæri Hafnarfjarðarbær,

Við verslunareigendur og rekstraraðilar í miðbænum óskum eftir því að sett verði lýsing í öll trén við Strandgötuna, frá Álfagulli og ísbúðinni að Bókasafninu. Einnig við verslanir á Norðurbakkanum og þær þannig tengdar við svæðið. Gatan og þær verslanir sem eru á svæðinu og þreyja þorrann allt árið um kring, yrðu þannig stærri hluti af Jólaþorpinu. Mikið er um dimm svæði og við það myndast ekki sú heild, sem gæti gert miðbæinn allan að einu stóru Jólaþorpi.

Þess má geta að talsvert er um að fólk komi hingað í miðbæinn til að koma í Jólaþorpið á tímum, sem ekki er opið í þorpinu. Þessir gestir fengju þá skemmtilegri upplifun af heimsókn sinni í miðbæinn ef svæðið væri ein heild, göngugatan væri hluti af Jólaþorpinu í raun.

Við gerum okkur grein fyrir því að þetta kostar, en þetta er fjárfesting til framtíðar í verslun og þjónustu við götuna alla. Einnig væri gaman að fá ljósin upp fyrr og hafa lengur. Vinsamlegast sendið okkur svar við erindinu til Kjartans á netfanginu kjartan@snati.is

Virðingarfyllst

Ragnhildur K.B. Birgisd. Norðurbakkinn

Andrea Magnúsd. Andrea

Aðalheiður Elín Ingólfsdóttir (Britt)